



Safnaðarblað Glerárkirkju

2. tbl. 28. árg.

September 2013

„Vertu hjá okkur því að kvölda tekur og degi hallar“ (Lúk.24:29)



Vertu samferða

Það er margt alveg nýtt fyrir mér þessa dagana. Það er spennandi en líka dálítið ógnvekjandi. Fyrsta daginn sem ég mætti til vinnu í Glerárkirkju nú í ágúst var starfsmannafundur. Ég horfði forvitnum augum á væntanlegt samstarfsfólk mitt og hlustaði á það sem fram fór. Síðan þá hef ég kynnst því betur og ég finn að andrúmsloftið er gott og að það er tilhlökkunar-efni að fá að starfa í þessum söfnuði. Það eru rúmlega 7.000 manns sem búa í Lögmannshlíðarsókn og smátt og smátt hef ég kynnst nokkrum til viðbótar. Vonandi kynnist ég enn fleirum og einnig þér, sem lest þennan pistil.

Kirkjan á erindi við þig og býður þér að vera samferða í vetur og ganga inn í það samfélag sem kristið fólk á. Þetta samfélag birtist í öllu því fjölbreytta starfi sem kirkjan býður upp á í messum, sunnudagaskóla, fermingarfræðslu, kórastarfi og ýmsu öðru. Það er bara að velja það sem maður hefur áhuga á.

Jesús Kristur vill vera samferða okkur alveg eins og hann var samferða lærisveinum sínum sem hann slóst í för með á leiðinni til Emmaus. Þeir þekktu hann ekki en hlustuðu þó með athygli á hann. Þetta var skömmu eftir upprisu hans og hún var enn ráðgáta fyrir þeim og öllum öðrum. Þegar leiðir virðastætla að skilja báðu þessir lærisveinar Jesú að vera hjá þeim. Beiðni þeirra er þannig orðuð í Lúkasarguðspjalli:

„Vertu hjá okkur því að kvölda tekur og degi hallar“. Jesús varð við ósk þeirra og þegar þeir mötudust saman og Jesús blessaði brauðið sem var á borðum áttuðu þeir sig á að þetta var Jesús Kristur.

Þessi frásaga getur verið okkur fyrirmynd á þann hátt að hún lýsir því þegar Jesús slæst í för með okkur. Þessa samfylgd er kirkjan að bjóða okkur upp á til að styrkja okkur í trúnni í daglega lífinu. Kirkjan er samfélag þeirra sem vilja vera samferða Jesú og biðja hann að vera hjá sér eins og lærisveinarnir báðu.

Starfsfólk kirkjunnar upplifir oft að þegar á bjátar þá leitar fólk til kirkjunnar og í trúna. Dagana eftir flugslysið í ágúst gerðist þetta. Fyrsta athöfnin sem ég var með í Glerárkirkju var einmitt helgistund tveim dögum eftir slysið. Það var mikil sorg og söknuður í huga allra á þessari stundu. Það var gott að koma í kirkjuna og fá að tjá sorg sína og vita að kirkjan gat boðið upp á athöfn sem hafði gildi í þessum erfiðu aðstæðum. Þar átti fólk samfélag, það var saman í sorg sinni og sótti huggun og styrk í trúna.

Kirkjan vill miðla trú, von og kærleika. Hún er í heimabyggð þinni og þú ert velkomin(n) í hópinn.

*Kveðja,
Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni*

20 ára vígsluafmæli Glerárkirkju

Dagana 6. – 9. desember 2012 var haldið hátíðlegt 20 ára vígsluafmæli Glerárkirkju. Mikið var um dýrðir og var hápunktur hátíðarhaldanna hátíðarmessa sunnudaginn 9. desember. Þá heiðraði biskup Íslands okkur með nærveru sinni og prédikaði og kór Glerárkirkju flutti Krýningarmessu eftir W.A. Mozart. Einnig var hér myndlistarsýning og kaffihúsakvöld, ásamt því að Hjalti Hugason, prófessor, flutti fyrirlestur um samfylgd kristni og þjóðar í þúsund ár.

Margir lögðu leið sína í kirkjuna til að fagna þessum áfanga og má sjá myndir frá hátíðarhöldunum hér í blaðinu. Og áfram heldur starfið í Glerárkirkju, við hefjum



Hátíðarmessa í tilefni vígsluafmælis Glerárkirkju



Frá opnun myndlistarsýningar og kaffihúsakvöldi

Foreldramorgnar í Glerárkirkju

Foreldramorgnar hafa verið starfræktir í Glerárkirkju í rúm 20 ár. Þetta eru notaðar samverustundir þar sem áherslan er lögð á að skapa vettvang fyrir foreldra með ung börn til að hittast og mynda tengsl og njóta samveru. Annað slagið er boðið upp á fræðslu sem hentar áhuga sviði og aðstæðum hópsins. Alltaf er boðið

upp á veglegt morgunverðarhlaðborð á vægu verði og í Glerárkirkju er góð aðstaða fyrir foreldra og börn, nægt pláss, bæði til að sinna börnunum og til leikja. Allir foreldrar eru velkomnir með ung börn og eru feður sérstaklega boðnir velkomnir.

Umsjón með foreldramorgnum hefur sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir.



Á foreldramorgnum er gott samfélag

nú vetrarstarfið. Eins og venjulega er margt í boði fyrir áhugasama og ættu flestir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi í kirkjustarfinu.

Barna- og æskulýðskórar Glerárkirkju

Í Glerárkirkju eru starfræktir tveir kórar fyrir börn frá 7 ára til 16 ára. Barnakór Glerárkirkju er fyrir börn í 2. – 5. bekk og æfir kórinn einu sinni í viku, á miðvikudögum kl. 16:30. Æskulýðskór Glerárkirkju er fyrir börn í 6. – 10. bekk og æfir á miðvikudögum kl. 17:15. Hlutverk kóranna er að koma fram í fjölskyldugudsþjónustum einu sinni í mánuði, auk annarra verkefna sem kunna að koma upp, t.d. hafa börnin sungið við hátíðarhöld á Ráðhústorginu á aðventunni.



Dagný Halla



Rósa

Stjórnandi Barna- og æskulýðskórs Glerárkirkju er Dagný Halla Björnsdóttir og henni til aðstoðar er Rósa Tómasdóttir. Þátttaka í kórastarfi Glerárkirkju er ókeypis og öll börn velkomin.

Syngjandi kirkja - Fræðslukvöld í október

Fræðslukvöldin í Glerárkirkju verða með aðeins öðru sniði nú á haustmisseri. Í október verður boðið upp á fræðsludagskrá sem nefnist „Syngjandi kirkja“. Á þeim kvöldum verður boðið upp á umfjöllun um tónlistina í kirkjunni, bæði lög og texta, nýja og gamla. Í upphafi er helgistund með þátttöku kirkjukórs sem flytur dæmi um efni kvöldsins. Kórstjóri / organisti fjallar um tónlistarstefnur innan kirkjunnar og guðfræðingur um sálmana. Áhersla er lögð á umræðu þeirra á milli og þátttakenda. Boðið er upp á veitingar í hléi. Námskeiðið er öllum opið og þátttakendum að kostnaðarlausu. Dagskrá námskeiðsins er eftirfarandi:

Miðvikudagur 9. október

NÝR SÁLMAÖNGUR – LÖG OG TEXTAR

Kór Akureyrarkirkju og Eyþór Ingi Jónsson, organisti:

- *Sálmabókin 1997.*

Erindi: Svavar A. Jónsson, sóknarprestur: - *Textar og tónlist.*

Fimmtudagur 17. október

GÖMLU LÖGIN

Kór Laugalandsprestakalls og Daniel Þorsteinsson, kórstjóri:

Lög við Hallgrímssálma.

Erindi: Smári Ólason, tónvísindamaður:

Gömlu lögin og íslensk gerð þeirra meðal alþýðu.



Kór Möðruvallaprestakalls.



Kór Akureyrarkirkju



Kór Glerárkirkju



Kór Laugalandsprestakalls

Miðvikudagur 23. október

LOFSÖNGUR KÓRANNA

Kór Möðruvallaprestakalls og Sigrún Magna Þorsteinsdóttir, organisti: *Upphaf kórsöngs á Íslandi.*

Erindi: Guðmundur Guðmundsson, héraðsprestur:

Kóraltímabilið og sálmabókin 1886.

Miðvikudagur 30. október

DISKÓ EÐA DÝRÐARSÖNGUR

Kór Glerárkirkju og Valmar Völjaoets, organisti

- *Nýsköpun í sálmásöng.*

Erindi: Hildur Eir Bolladóttir og Sunna Dóra Möller, prestar:

Nýjir sálmar og stefnur í tónlist.

Æskulýðsfélagið – UD Glerá

Veturinn 2012 til 2013 var Glerárkirkja í samstarfi um unglíngastarf við KFUM og KFUK á Akureyri - **UD Glerá**. Afrakstur þess samstarfs var meðal annars að tæplega 20 manna hópur frá UD Glerá tók þátt í Evrópuhátíð KFUM í Prag í Tékklandi. Fararstjóri hópsins frá Akureyri var Jóhann H. Þorsteinsson, sviðsstjóri á æskulýðs-sviði KFUM og KFUK á Íslandi og umsjónarmaður æskulýðsstarfsins á Akureyri. Ferðin til Prag gekk vel og var frábær upplifun, en margvísleg dagskrá var í boði, smíðjur, skoðunarferðir, leiðtogaþjálfun og margt fleira.

Í vetur verður UD Glerá með fundi á fimmtudagskvöldum kl. 20 í sal KFUM og K í Sunnuhlíð og eru allir krakkar í 8. - 10. bekk velkomnir.



Hópurinn í Prag

Nýir starfsmenn í Glerárkirkju

Miklar breytingar hafa átt sér stað í starfslíði Glerárkirkju á þessu ári. Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni hætti í vor og flutti til Þýskalands ásamt fjölskyldu sinni, Sverrir Pálmason umsjónarmaður lét af störfum vegna aldurs Einnig létu Jón Oddgeir Guðmundsson og Gréta Eyþórsdóttir af störfum. Við þökkum þeim öllum fyrir vel unnin störf um leið og við bjóðum nýja starfsmenn velkomna.

Ragnheiður Sverrisdóttir, djákni, hefur nú tekið til starfa og var sett inn í embætti þann 8. september sl. Ragnheiður vígðist árið 1981 og var ein af fyrstu Íslendingunum sem tóku djáknavígslu. *Haukur Þórðarson* tók við starfi umsjónar-manns í maí sl. Haukur er fæddur 1955 og rak lengi fyrirtækið Raflampar hér í bæ.

Við bjóðum bæði Ragnheiði og Hauk hjartanlega velkomin til starfa. Marína Ósk Þórólfsdóttir stjórnandi Barna- og æskulýðskórsins hefur nú haldið utan til náms og *Dagný Halla Björnsdóttir* hefur tekið við keflinu. Við bjóðum hana velkomna og óskum Marínu Guðs blessunar, en hún stundar nú tónlistarnám í Hollandi.



Ragnheiður
Sverrisdóttir



Haukur Þórðarson

Helgihald í Gleráarkirkju á næstunni



Sunnudagurinn 29. september

- ★ **Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.**
Barna- og æskulýðskór Gleráarkirkju leiðir söng, boðið verður upp á brúðuleikhús og margt fleira.
- ★ **Kvöldmessa kl. 20.** Krossbandið leiðir söng.

Sunnudagurinn 6. október

- ★ **Messa kl. 11.**
Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.

Sunnudagurinn 13. október.

- ★ **Messa kl. 11.**
Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.
- ★ **Kvöldmessa kl. 20.**
Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.

Sunnudagurinn 20. október.

- ★ **Messa kl. 11.**
Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.

Sunnudagurinn 27. október

- ★ **Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.**
Barna- og æskulýðskór kirkjunnar leiðir söng. Boðið verður upp á brúðuleikhús og margt fleira.
- ★ **Kvöldmessa kl. 20.**
Krossbandið leiðir almennan söng.

Sunnudagurinn 3. nóvember

- ★ **Messa kl. 11.**
Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.

Sunnudagurinn 10. nóvember

- ★ **Messa kl. 11.**
Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.
- ★ **Kvöldmessa kl. 20.**
Krossbandið leiðir söng.

Sunnudagurinn 17. nóvember

- ★ **Messa kl. 11.**
Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.

Sunnudagurinn 24. nóvember

- ★ **Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.**
Barna- og æskulýðskór kirkjunnar leiðir söng. Boðið verður upp á brúðuleikhús og margt fleira.
- ★ **Kvöldmessa kl. 20.**
Kór Gleráarkirkju leiðir almennan söng.

Sunnudagaskóli Gleráarkirkju

er alla sunnudaga kl. 11 og hefur upphaf í messunni. Þá sunnudaga sem fjölskylduguðsþjónustur eru, er sunnudagaskólinn hluti af þeim.

**Munið hádegissamverurnar alla miðvikudaga kl. 12.
- Næstu samverur fyrir eldri borgara verða 17. október og 21. nóvember.**

Vígðir þjónar og starfsfólk Gleráarkirkju

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8808 (í kirkju), 462 7676 (heima) og 864 8455 (gsm). Netfang: gunnlaugur@glerarkirkja.is

Sr. Arna Ýrr Sigurðardóttir

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Símar: 464 8802 (í kirkju), og 864 8456 (gsm). Netfang: arna@glerarkirkja.is

Djákni: Ragnheiður Sverrisdóttir

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8807 (í kirkju) og 864-8451 (gsm). Netfang: ragnheidur@glerarkirkja.is

Umsjónarmaður er **Haukur Þórðarson**. Hann er við á virkum dögum kl. 11:00-16:00. Símar: 464 8803 (í kirkju) og gsm 661-7700
Netfang: haukur@glerarkirkja.is

Organisti er **Valmar Völjaots**. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Símar: 464 8804 (í kirkju) og gsm 853 8001.
Netfang: valmar@glerarkirkja.is

Kirkjuvörður er **Sigríður Albertsdóttir**, gsm 847 9025

Umsjón með eldhúsi hefur **Sigurrós Anna Gísladóttir**, gsm 848 6440.

Upplýsingar um annað starfsfólk Gleráarkirkju er að finna á www.glerarkirkja.is

Gleráarkirkja: Sími 464 8800 – Fax: 464 8809 – www.glerarkirkja.is – glerarkirkja@glerarkirkja.is

